

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er kr. 1245.00. Tekjur hans eru auk árlegra vaxta, það fé er honum kann að berast sem gjafir, áheit, minningargjafir, eða á annan hátt.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að stuðla að fegrun Hólskirkju, utan sem innan, og umhverfi hennar. Má til þess nota helming árlegra tekna sjóðsins. Hinn helmingurinn sé lagður við höfuðstólinn, sem aldrei má skerða. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 25 000.00 má verja öllum tekjum hans í samræmi við tilgang sjóðsins. Sé sá hluti teknanna, sem ætlaður er til notkunar, ekki notaður í eitt eða fleiri ár, leggst hann við sjóðinn í bili. Sjóðurinn sé ávaxtaður í Sparisjóði Bolungarvíkur eða annarri tryggri peningastofnun.

5. gr.

Stjórn sjóðsins skipa: Sóknarprestur Hólsprestakalls, formaður sóknarnefndar Hólssóknar og ein kona, er ávallt sé kosin af safnaðarfundum samtímis sóknarnefnd. Sjóðsstjórnin skiptir með sér verkum.

6. gr.

Stjórn sjóðsins annast reikningshald hans. Hún semur árlega reikning sjóðsins og leggur hann fyrir safnaðarfund, endurskoðaðan, ásamt reikningi kirkjunnar.

7. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt nema allir stjórnendur sjóðsins séu breytingu sammála og safnaðarfundur samþykki.

8. gr.

Með skipulagsskrá þessari er úr gildi numin skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð séra Páls Sigurðssonar, sóknarprests í Bolungarvík, frá 16. júlí 1953.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

A U G L Ý S I N G

um staðfestingu á skipulagsupprætti af Búðardalskaupþúni í Laxárdalshreppi.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 19 21. maí 1964, hefur ráðuneytið hinn 7. júlí 1969 staðfest skipulagsupprátt af Búðardalskaupþúni í Laxárdalshreppi.

Uppdráttur þessi hefur hlotið þá meðferð, sem lög nr. 19/1964 gera ráð fyrir og hefur verið samþykktur af hreppsnefnd Laxárdalshrepps og skipulagsstjórn ríkisins.

Félagsmálaráðuneytið, 11. júlí 1969.

Eggert G. Þorsteinsson.

Hallgrímur Dalberg.